

Ár 2025, mánudaginn 11. ágúst, kl. 12:30, er fundur haldinn í Áfrýjunardómstól AKÍS að Ingólfsstræti 3, Reykjavík. Mættir eru Skúli Bjarnason, formaður, Hannes J. Hafstein, varaformaður og Árni Árnason. Fjarverandi eru Berglind Jónasardóttir og Þórhallur Jósefsson.

Fyrir eru teknar tvær áfrýjanir; annars vegar „kæra“ dags. 24/7 sl. frá Leó Geirssyni og svo hins vegar áfrýjun Brynhildar Sesselju Hafsteinsdóttur og Kristins Árnasonar, dags. 26/7 sl. Báðar varða áfrýjanirnar 3. umferð Íslandsmóts í Rallýcrossi sem haldin var á Akureyri 20/7 2025. Nefndarmenn hafa áður skipts á skoðunum í tölvupóstum, en eftir frekari yfirferð yfir málin voru kveðnir upp svofelldir úrskurðir:

I. Áfrýjun Leós Gunnarssonar

Það er álit áfrýjunardómstólsins að áfrýjunin sé haldin formgöllum þar sem hún fullnægi ekki lágmarksskilyrðum II. kafla málsmeðferðarreglna, sbr. 6. grein reglnanna, um skýra kröfugerð, ítarlega málavaxtalýsingu ásamt því að áfrýjunin er ekki studd viðeigandi gögnum svo unnt sé að leggja úrskurð á málið. Þá athugist ennfreður að aðildin varnarmegin í málinu er óljós en eins og atvikum virðist háttáð hefði að mati dómstólsins borið að beina málinu gegn gagnaðila sem kærandi lenti í samstuði við og gera kröfu beinlínis gagnvart honum. Að ofangreindu virtu er máli þessu vísað frá.

II. Áfrýjun Sesselju Hafsteinsdóttur og Kristins Árnasonar

Það er álit áfrýjunardómstólsins að dómnefndin hafi ekki gætt réttra og löglegra viðurlaga við meðferð málsins í samræmi við sérreglur þær sem giltu um viðkomandi keppni og er því málinu vísað aftur heim til dómnefndar til löglegrar meðferðar. Það athugist ennfreður að áfrýjunin er ekki studd gögnum sem kemur þó ekki að sök miðað við þessa niðurstöðu.

Fundi slitið kl. 13:10

Staðfest:

Skúli Bjarnason
Hannes J. Hafstein
Árni Árnason
Berglind Jónasardóttir
Þórhallur Jósefsson